

# Þemakennsla á unglingastigi Sjálandsskóla



*Lokaskýrsla vegna þróunarstyrks úr Sprotasjóði skólaárið 2009-2010*

# Þemakennsla á unglíngastígi

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Unglíngadeildum grunnskóla hefur oft verið legið á hálsi að vera of greinamiðaðar, ósveigjanlegar og einhæfar. Sjálandsskóli hefur nýverið hafið starf á unglíngastígi. Ákveðið var að þemakennslan sem hefur verið einkennandi á yngra stígi væri einnig á unglíngastígi. Sótt var um styrk til Sprotasjóðs Menntamálaráðuneytis haustið 2009 til þess að ljúka þróun þemakennslu á unglíngastígi skólans.

Markmið verkefnisins var að þróa fjölbreyttari náms- og kennsluhætti á unglíngastígi þar sem meginviðfangsefni náttúrufræðigreina, samfélagsgreina og lífsleikni væru að öllu leyti samþætt við aðrar greinar svo sem íslensku, list og verkgreinar. Gengið var út frá að öllum námsmarkmiðum fyrrgreindra þriggja greina í gegnum þemakennslu og öllu tímamagni þeirra samkvæmt viðmiðunarstundaskrá varið með þessari nálgun.

## Um Sjálandsskóla

Sjálandsskóli tók til starfa haustið 2005. Fyrsta starfsár skólans voru þar við nám nemendur í 1.-6. bekk og störfuðu þá í bænum 4 bæjarreknir grunnskólar, þrír með nemendur á yngsta og miðstígi og einn á unglíngastígi. Við hönnun skólans voru farnar óhefðbundnar leiðir og lögð rík áhersla á það í undirbúningi skólastarfsins að kveða við nýjan tón í blómlegri skólaflóru sveitarfélagsins. Sjálandsskóli leggur áherslu á einstaklingsmiðað skólastarf í sveigjanlegu skólahúsnæði. Í starfi Sjálandsskóla hefur frá upphafi verið lögð áhersla á þemakennslu allra nemenda skólans. Þannig er samfélagfræði, náttúrufræði og lífsleikni nær eingöngu kennd í gegnum þemu og þessar greinar samþættar öðrum greinum grunnskólans eftir því sem námsmarkmið og aðstæður hæfa hverju sinni. Þemun eru mis löng og mis mörg yfir skólaárið. Fljótt á litið má segja að á yngri stígum séu þau 4 – 5 vikna löng og nemendur takast á við 6-7 þemu á hverju skólaári.

## Unglíngadeild Sjálandsskóla

Árið 2006 var samþykkt ný skólastefna fyrir Garðabæ. Í henni kom fram að stefnt yrði að því að fjölga valkostum foreldra og nemenda um skólastarf á unglíngastígi. Sjálandsskóli sótti um að fá að fara yfir á unglíngastig með sitt starf og verða þannig fyrsti heildstæði grunnskólinn í bænum. Var það gert í ljósi þess að starf skólans væri það frábrugðið starfi unglíngaskólans í bænum að um raunverulegt val yrði að ræða.

En hvernig ætti að tryggja gott faglegt nám í litlum skóla sem einkenndist af vali og sveigjanleika? Skólaárið 2007 – 2008 voru ýmsar leiðir skoðaðar. Ákveðin var þrískipting náms á unglíngastígi, í fyrsta skipti haustið 2008 og þá með 20 nemendum í 8. bekk:

- 50% Kjarni (íslenska, stærðfræði, enska, danska, íþróttir og sund)
- 30% Þema (náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, upplýsinga- og tæknimennt, trúarbragðafræði)
- 20% Val (listir, íþróttir ofl.)

Í kjarna var ákveðið að fara svokallaða Vallaskólaleið í íslensku og þróa stærðfræðina á sama grunni. Vallaskólaleiðin byggir á kennslu í skýrt afmörkuðum lotum þar sem eitt meginsvið liggur til grundvallar þó svo að aðrir þættir fagsins séu í stöðugri upprifjun. Í upphafi lotu fá nemendur nákvæman lista yfir þau markmið, hugtök og verkefni sem leysa á á tímanum, þau fá lista yfir fyrirlestra kennara og hvenær prófað er úr lotunni. Hver nemandi er með tiltekna viðmiðunartölu (á bilinu 6,0 – 9,5). Ef hann nær henni á prófinu tekst hann strax á við verkefni næstu lotu en ef hann nær henni ekki fer hann í snarpa upprifjun. Enskan er kennd af kennara frá Alþjóðaskólanum en danska, íþróttir og sund eru kennd með hefðbundnari hætti.

Valið var innleitt í fyrsta skipti skólaárið 2009-2010. Þá voru samtals 43 nemendur í unglingadeild skólans. Í stað valgreina var ákveðið að bjóða upp á valnámskeið. Þannig fer hver nemandi á 12 námskeið yfir skólaárið, þrjú 8 vikna námskeið í einu á fjórum tímabilum yfir skólaárið. Fyrsta skólaárið voru haldin 39 námskeið (af þeim voru 3 tvítekin) og kenndi þar ýmissa grasa.

## Þemakennsla á unglingastigi - þróunarstarf

Þemakennsla er eins og áður segir eitt af meginsérkennum skólans. Ákveðið var að halda þemakennslu áfram á unglingastigi til þess að leggja áfram áherslu á heildstæða nálgun í námi, auka áherslu á sýnilega afurð verkefna, hafa samvinnunám í öndvegi og eins að tryggja fjölbreytta starfshætti í litlum skóla. Í ljósi þess hvað kennsla á unglingastigi er almennt greinabundin var haft til hliðsjónar að heppilegt gæti verið að sum þemun væru í raun lotukennsla sem hefði ásýnd þemakennslu. Lögð var áhersla á að í hverju og einu þema ynnu nemendur að einu stóru verkefni sem gæfi af sér mikilvæga afurð: Heimildaritgerð, heimasíðu, leikrit, fyrirlestur, tónverk, útvistarferð, veggspjöld ofl.

Til þess að ná markmiði þróunarverkefnisins var lögð áhersla á

- Virkt samráð og hugmyndavinna umsjónarkennara á unglingastigi Sjálálandsskóla um kennsluhætti á unglingastigi.
- Leita fanga hjá öðrum skólum sem hafa nýtt sér þemakennslu á unglingastigi
- Skoða vel kennsluleiðbeiningar námsbóka til þess að finna heppileg verkefni
- Nákvæm greining á aðalnámskrá grunnskóla

Haustið 2008 lá fyrir gróf grind af þemum 8.-9. bekkjar. Á þessum tímamarki var ekki búið að ákveða hvort 8. og 9. bekk yrði kennt saman þegar fram liðu stundir (það voru aðeins nemendur í 8. bekk þetta skólaár) og því ákveðið að búa til einn þemapakka fyrir þessi tvö ár. Haustið 2009 var gerð ein tilfærsla á þemum milli 8. og 9. bekkjar. Í ljósi reynslu þessa fyrsta skólaárs á unglingastigi voru áherslu þemakennslunnar endurmetnar og þemapakkanum fyrir 9. bekk stillt upp í því ljósi. Sumarið 2009 kom í ljós að einn nemandi myndi taka 9. og 10. bekk á einu námsári. Því varð úr að þemapakki 10. bekkjar var búið til og „prufukeyrður“ á þessum eina nemanda.

Haustið 2009 var ný aðalnámskrá rýnd til þess að tryggja að 90-95% áfangamarkmiða aðalnámskrár í náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni væri mætt í gegnum þemun á unglingastigi. Í ljósi þessarar niðurstöðu voru þemu 10. bekkjar ákveðin. Endurmat þessarar rýni fór fram á vordögum 2010 þegar reynsla hafði komið á öll þemun.

## Frávik og hindranir miðað við áætlun verkefnisins

Áætlun stóðst nokkuð vel. Við bættist þematenging upplýsinga- og tæknimenntar, svo og trúarbragða- og siðfræði við þann grunn sem lagt var af stað með. Minni áhersla var lögð á markvissa samþættingu við list og verkgreinar þar sem að þessar greinar eru kenndar á námskeiðum. Þá var ekki farið nákvæma greiningu á aðalnámskrá í íslensku og stærðfræði og þælingum við þessar greinar. Þó er ljóst að miðað við eðli verkefna í þemunum er augljós tening við áfangamarkmið íslenskunnar í öllum þemum og stærðfræði í nokkrum tilvikum. Í sumum tilfellum má segja að þemun séu meira í ætt við lotukennslu í tiltekinni grein (t.d. eðlisfræði) frekar en samþætting margra námsgreina.

Setja þarf að setja inn þema, og þá væntanlega í 9. bekk, sem kalla mætti „Vinnan göfgar manninn“. Í þemanu væri atvinnulíf á Íslandi skoðað. Þar mætti til dæmis leggja áherslu á að nemendur kynntu sér menntun og atvinnu 5 skyldmenna, veldu sér eitt starf til ítarlegrar skoðunar, færu í heimsókn á vinnustað, byggju til starfsferilsskrá, ynnu umsókn og færu í „starfsviðtal“. Þá þarf að bæta við þætti í

þemað um „Nýbúa“ og skoða sérstaklega trú og trúmál. Tiltekin markmið reyndist ekki svo auðvelt að tengja þessum þemum en þau tengjast kristinfræði og svo tæknimennt.

## Þemayfirlit

### Þemu 8. bekkjar

**Upp um fjöll og firnindi:** Áhersla á ferðamennsku, landafræði, skyndihjálp og útiildun.

**Tónlist og 20. öldin:** Áhersla á sögu 20. aldar, tónlist 20. aldar, unglíngamenningu og unglíngsár. Til grundvallar námsefnið *Hljóðspor* og *Úr sveit í borg*.

**Árið 1918:** Áhersla á frostavetur, Kötlugos, spænsku veikina og fullveldi í samanburði við viðburði í nútímanum. Til grundvallar þemaheftið *Árið 1918*.

**Aðeins ein jörð:** Áherslu á fjölbreytileika í lífheiminum með námsefnið *Einkenni lífvera* og *Lifandi veröld* til grundvallar

**Í fullorðinna tölu:** Áhersla á fermingar í nútíð og fortíð, heima og erlendis með námsefnið *Í fullorðinna tölu* til grundvallar.

**Ég og þú:** Áhersla á kynfræðslu, fíknivarnir og varnir gegn áhættuhegðun. Til grundvallar námsefnið *Ég og þú*.

### Þemu 9. bekkjar

**Stríðsárin:** Áhersla á seinni heimsstyrjöldina á Íslandi. Til grundvallar bókin *Grafarþögn og Stríðsárin á Íslandi 1939-1945*.

**Heimsreisan mín:** Nemendur skipuleggja 3 mánaða ferð til 3 heimsálfa. Til grundvallar námsbókin *Landafræði handa unglíngum 2. hefti*.

**Hvað kostar dæmið?** Nemendur skipuleggja út frá tilteknum tekjugrunni viðburð eins og giftingu, stórafmæli og stórveislu.

**Nýbúar:** Áhersla á stöðu nýbúa fyrr og nú. Skoðaðar aðstæður vesturíslendinga og tekin viðtöl við nýbúa á Íslandi og kannaðar aðstæður þeirra og félagslegur bakgrunnur.

**Erum við ein í alheiminum:** Áhersla á stjórnufræði og erfðafræði. Til grundvallar námsbækurnar *Erfðir og þróun* og *Sól, tungl og stjörnur*.

### Þemu 10. bekkjar

**Þjóðfélagið:** Áhersla á íslenska þjóðfélagið. Nemendur dýpka umfjöllun um eitt hugtak að eigin val og nálgast það þverfaglega. Til grundvallar námsbókin *Þjóðfélagsfræði*.

**Orka og stóriðja:** Áhersla á eðlisfræði og efnafræði. Nemendur taka yfir rekstur eins stóriðjuvers. Til grundvallar námsefnið *Orka* og *Efnisheimurinn*.

**Verslun og viðskipti:** Nemendur gera viðskiptamódel af verslun, gera kynningarbæklinga ofl.

**CO<sub>2</sub>:** Áhersla á loftslagsmál: Til grundvallar þemaheftið *CO<sub>2</sub>*

**Tækið:** Áhersla á kraftfræði og nýsköpun. Nemendur fara í gegnum nýsköpunarferlið og hanna hlut. Til grundvallar námsefnið *Kraftur og hreyfing*.

**Banvænn:** Áhersla á mannlíkamann, sjúkdóma og sjúkdómavarnir.

## Niðurstaða þróunarvinnu

Markmið verkefnisins náðist að mestu. Samþætting við list- og verkgreinar var minni en áætlanir gerðu ráð fyrir en tenging við kristinfræði- upplýsinga og tæknimennt var meiri en gert var ráð fyrir. Afar góð „þekja“ náðist í áfangamarkmiðum aðalnámskrár í náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, upplýsing- og tæknimennt, kristinfræði-, siðfræði og trúarbragðafræði.

Sum þemun eru „fengin að láni“. Þannig er úrvinnsla þemans um þjóðfélagsfræði að hluta fengin frá Laugalækjarskóla og þemun „Hvað kostar dæmið“ og „Verslun og viðskipti“ fengin að láni frá Álftanesskóla en lítilla staðfærð. Þemun „1918“, „Í fullorðinna tölu“ og „CO<sub>2</sub>“ byggja á kennsluleiðbeiningum viðkomandi námsefnis. Hér að neðan er stutt yfirlit yfir þau þemu sem þróuð

voru – nánari útlitun er í viðauka. Önnur gögn sem þróuð voru í vinnunni má finna á heimasíðu Sjálandsskóla. Til dæmis:

- **Yfirlit um markmið** – hvert þema tengt áfangamarkmiðum náttúrufræði, samfélagsfræði, kristni-, trúarbragða- og siðfræði, upplýsinga og tæknimennt og lífsleikni.
- **Viðmið um heimildaritgerðir, heimildanotkun og heimildaskráningu.** Þetta voru viðmið sem unnin voru úr viðmiðum Menntaskólans í Reykjavík og Menntaskólans á Egilsstöðum.
- **Viðmið um verkskýrslu og dagbókargerð í hópstarfi.** Þetta voru viðmið sem unnin voru úr kennsluleiðbeiningum bókarinnar Árið 1918.
- **Viðmið um sjálfsmat**
- **Viðmiðum um jafningjamat**

Þegar þessi þemu sem hér hafa verið skilgreind og skipulögð eru skoðuð má alveg spyrja sig – var verið að þróa þemu eða lotur? – Hver er munurinn á þemakennslu og lotukennslu? Ljóslega má sjá að sum þessara þema eru að mestu námsgreinar sem kenndar eru í afmarkaðri vinnulotu og kryddaðar með stærri verkefnum með skýrri samfélagstengingu. Með því að leggja undir sama viðfangefnið svona stóran hluta kennslumagns hverrar viku (og heimavinnutíma) er sveigjanleiki í tíma og rúmi betri og auðveldara um vik að helga sig viðfangsefninu, heima og í skóla. Þá er skipulag hópstarfs allt miklu auðveldara. Þetta skipulag hefur einnig reynst harla gott í litlum skóla þar sem sérfræðiþekking kennara á einstökum námsgreinum (til dæmis í náttúrufræði) hefur verið af skornum skammti.

Í Sjálandsskóla er þemakennsla í öllum árgöngum. Niðurstaða verkefnisins mun styrkja okkur í þeirri trú að þemakennsla sé „okkar leið“ og raunhæf leið til þess að ná markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Því mun verkefnið halda áfram innan skólans og verða hvati til þess að gera þemavinnu á yngra og miðstigi skólans en markvissara.

## Mat foreldra og nemenda

Í foreldraviðtölum kom fram mikil ánægja foreldra með fyrirkomulag þemakennslunnar. Í árlegri viðhorfakönnun skólans reyndust foreldrar á unglíngastigi „ánægðasti kúnnahópurinn“. Nemendur voru upp til hópa mjög ánægðir með viðfangsefnin í þemunum og fannst spennandi að vinna þau. Það eru þessi stóru verkefni með samfélagstengingu sem standa upp úr.

## Kynning á afrakstri og helstu niðurstöðum

Verkefnið verður kynnt á haustþingi Samtaka áhugafólks um skólaþróun. Skýrslan og fylgiskjöl munu vera birt á heimasíðu Sjálandsskóla frá og með miðjum ágúst 2010.

Við vonumst til þess að þetta verkefni okkar verði öðrum skólum hvatning til þess að auka fjölbreytni í starfi á unglíngastigum skóla og leggja í það verk að „rjúfa skörð í múra faggreina“. Við erum þess sannfærð að þetta sé afar árangurrik leið til þess að bjóða upp á skemmtilegt og markvisst nám, með fjölbreyttum kennsluaðferðum – sérstaklega í skólum með minni og miðlungs stórar unglíngadeildir.

Garðabæ, 14. júní 2010

Elfa Hrönn Friðriksdóttir  
Erna Sif Auðunsdóttir  
Helgi Grímsson (verkefnisstjóri)  
Ósk Auðunsdóttir

# Þema í 8. bekk: Upp um fjöll og firnindi

## Markmið

### Að nemandi

- þjálfist í að vinna sjálfstætt með öðrum og virða jafnrétti og skoðanir annarra
- geti ferðast af nokkru öryggi um fjalllendi
- kunni að búa sig (fatnaður og fæði) í fjallaferðum
- geti sýnt ábyrga hegðun í ferðum á vegum skólans
- geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að þvo upp samkvæmt ströngustu hreinlætiskröfum og þjálfist í að halda hreinum tækjum og áhöldum
- öðlist skilning á mikilvægi hreinlætis fyrir vellíðan hvers einstaklings og umhverfi hans
- átti sig á að landakort eru gjarnan flokkuð eftir mælikvarða í kort í stórum mælikvarða (minni en 1:250 000) eða kort í litlum mælikvarða (stærri en 1:250 000)
- átti sig á hvernig mælikvarði korta setur skorður við þeim upplýsingum sem hægt er að koma fyrir á landakorti
- gerir sér grein fyrir eðli áttavita og get nýtt sér hann til rötunar
- fái grunnþekkingu í skyndihjálp.

## Námsefni

Ýmis konar útivistar tímarit, kvikmyndin *Vertical Limit*, ýmsar vefsíður sem tengjast útivist og fjallamennsku, Landafræði I og verkefnahefti, ljósrit frá kennara.

## Efni og áhöld

Kort, áttavitar, útiöldunarbúnaður, skyndihjálparútbúnaður, veggspjöld, lím, skæri, Internetaðgangur.

## Kennsluaðferðir

Fræðslumyndir, heimildarvinna, hópverkefni, hreyfing, hugmyndavinna, ritun, samvinnunám, sköpun, sýnikennsla, umræður, verklegar æfingar og vettvangsferðir.

## Viðfangsefni og verkefni

Kveikjan að þemaverkefninu er sú að nemendur fara á hugarflug (brainstorming) og einnig fá þeir að horfa á bíómynd sem tengist fjallamennsku og útivist. Í þemavinnunni kynnst nemendur ýmsum þáttum sem viðkemur útiveru og útivist. Nemendur læra m.a.: skyndihjálp, á áttavita, kortalestur, um útbúnað, útiöldun og einnig fléttast lítillaga inn í þemað, landafræði. Vinna nemenda verður bæði einstaklings- og hópavinna. Vinna nemenda fer að mestu leyti fram í skólanum en þó verður heimavinna sem tengist aðallega upplýsingaöflun og ritun. Lýsingar á verkefnum þemans eru í fylgiskjölum. Ef veður leyfir munu nemendur fara í gönguferð og útilegu í lok þemans. Tilgangur ferðarinnar er að nemendur fái tækifæri til að nýta sér kunnáttu sína og reynslu sem þeir hafa tileinkað sér í þemavinnunni.

## Námsmat

Kennaramat á hópverkefnum I og II.

Kennaramat á útbúnaðarlista, ritun um væntingar og ferðaskýrslunni.

Sjálfsmat á hópverkefnum I og II

## Mat á þemanu

Þetta er tilvalið þema fyrir hóp sem þarf að hrista saman eins og í þessu tilfalli. Þetta er ekki of þungt efni sem gott er að byrja veturinn á. Tímaramminn aðeins of knappur þannig að 3 vikur voru of lítið,

verkefnið teygðist yfir á 5. viku. Rúsínan í pylsuendanum var ferðin þar sem nemendur náðu að kynnast vel og þjappa sér saman sem hópur.

### Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

Þemalýsing

Leiðbeiningablað um einstaklingsverkefni

Leiðbeiningablað um hópverkefni

Námsmatsblað

### Tímaáætlun

Fjórir 60 mínútna tímar og tveir 45 mínútna tímar á viku í þessu þema.

Einstaklingsverkefnin voru heimaverkefni.

#### 1. vika

Þemaverkefnið kynnt, farið yfir markmið og verkefnin. Farið á hugarflug með nemendum um viðfangsefnið. Horft á kvikmyndina *Vertical Limit* sem fjallar um „extreme“ fjallamennsku. Heimaverkefnin sett fyrir og skiladagsetningar kynntar. Byrjað á hópverkefni I, skipt í hópa og hópunum leiðbeint í upplýsingaöflun. Byrjað á veggspjöldum.

#### 2. vika

Haldið áfram með veggspjöldin í hópverkefni I. Skil á hópverkefni I og heimaverkefni I. Skyndihjálparnámskeið. Farið í valda kafla í Landafræði I og unnið verkefnahefti tengt þeim.

#### 3. vika

Farið í hópverkefni II og skýrsla unnin. Kynning á hópverkefni II. Skil á heimaverkefni 2. Haldið áfram með landafræðiverkefni. Útiöldun.

#### 4. vika

Innlögn kennara um örugga ferðamennsku, hreinlæti og útbúnað. Útilega og fjallganga. Kennsla í kortalestri og á áttavita. Skil á heimaverkefni 3.

# Þema í 8. bekk: Tónlist og 20. öldin

---

## Markmið

### Að nemandi

- hafi skoðað möguleika Íslendinga í byrjun 20. aldar, fylgt einstökum þætti eða samfélagsbreytingum eftir og metið hvort „gengið var til góðs“
- fái yfirsýn yfir þjóðfélagsbreytingar á Íslandi (úr sveit í borg) sem urðu á 20. öldinni.
- greini mismunandi svið mannlífs og þjóðlífs og leiti tengsla milli einstaklinga, menningar, samfélags, stjórnmála og fleiri þátta
- öðlist skilning á að einstaklingar geta upplifað og túlkað áreiti í umhverfinu með ólíkum hætti
- meti listir og menningu sem einstaklingsbundið framlag í samhengi við tíma og umhverfi
- kynnist tölvu sem hljóðgjafa og möguleikum hennar til tónsköpunar og flutnings
- kynnist hljóðfærum tónlistar 20. aldar
- geti nýtt sér og miðlað eigin þekkingu á hljóðfæri og tónlist sem hann hefur hugsanlega aflað sér annars staðar og þannig víkkað og auðgað reynslu sína og samnemenda af tónlist
- sýni þekkingu á fjölbreyttum stíltegundum í dægurtónlist („reaggie“, rapp, rokk, jazz, popp, blús)
- hlusti á, greini og meti mismunandi tónlist út frá þekkingu sinni og tónlistarreynslu
- geti rökstutt skoðun sína á mismunandi tónlist.

## Námsefni

Úr sveit í borg, Hljóðspor, [www.nams.is](http://www.nams.is) (fræðslumyndir – saga 20. aldar)

## Efni og áhöld

Verkefnamappa, veggspjöld

## Kennsluaðferðir

Bein kennsla, fyrirlestrar, samvinnunám, hópverkefni, kannanir, sýnikennsla, spurnaraðferðir, söngur, tjáning, tónlist, umræður, vinnubókarkennsla, hlustunarefni.

## Viðfangsefni og verkefni

Markmiðið er að nemandur kynni sér sögu 20. aldarinnar og geri það m.a. í gegnum tónlist, kvikmyndir og tísku. Í þemanu eru 2 bækur hafðar til hliðsjónar. Önnur heitir *Úr sveit í borg*. Í henni eru rakin helstu atriði í sögu Íslands á síðustu öld og leitast er við að varpa ljósi á sem flesta þætti þessa mikla breytingatímabils í sögu þjóðarinnar. Hin bókinn heitir *Hljóðspor*. Nemandur munu heyra tóndæmi frá allri öldinni og munu fá innsýn inn í sögu aldarinnar. Einnig horfum við á myndbönd frá 20. öldinni sem Námsgagnastofnun gaf út. Þemað verður unnið í nánu samstarfi við tónmenntakennarann og mun tónmennt fléttast að miklu leyti inn í úrvinnslu verkefna. Unnin verða bæði einstaklings og hópverkefni. Heimavinnan felst í lestri og verkefna- vinnu. Sjá lýsingu í fylgiskjölum.

## Námsmat

- Verkefnamappa (svör við spurningum úr kennslubók *Úr sveit í borg* – kennaramat).
- Skriflegt próf úr bókinni *Úr sveit í borg* (kennaramat)
- Kynning á tónlist forfeðra. (Jafningjamat)
- Tónlistarmaður/hljómsveit frá 20.öldinni (ritgerð, veggspjald eða úttvarpspáttur – kennaramat).
- Hópverkefni í tónmennt/tónlistarstíll (upptaka af lagi) Sjálfsmat/kennaramat.



- Skriflegt próf úr bókinni Hljóðspor.

### Mat á þemanu

Vel heppnað þema - mjög gaman að blanda tónlistinni við sögukennsluna. Mjög fjölbreytt verkefni og nemendur voru almennt áhugasamir. Tímaramminn stóðst nokkurn veginn.

### Sérunnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

Þemayfirlit  
 Verkefna og lestraryfirlit  
 Námsmatsblað

### Tímaáætlun

Fjórir 60 mínútna tímar og tveir 45 mínútna tímar á viku í þessu þema.  
 Heimavinna: lestur og vinna í einstaklingsverkefnum.

#### 1. vika

Þema kynnt fyrir nemendum og farið yfir markmið. Kveikjan er sú að hlusta á tónlist frá ýmsum tímabilum 20. aldarinnar. Farið yfir verkefni og leslista. Leslista fylgt og kennari var með innlögn í þeim köflum sem átti að lesa heima. Nemendur unnu verkefni úr kennslubókum samkvæmt skipulagi og kennari fór yfir þau í lok tímans. Horft á 2 myndbönd af vef.

#### 2. vika

Lestrarplani og verkefnaplani fylgt hjá umsjónarkennara og tónmenntakennara. Skil á kynningu á tónlist forfeðra (einstaklingsverkefni 2). Nemendur byrja á einstaklingsverkefni 3. Horft á 2 myndbönd af vef.

#### 3. vika

Lestrarplani og verkefnaplani fylgt hjá umsjónarkennara og tónmenntakennara. Skila á einstaklingsverkefni 3 og byrjað að vinna að hópverkefninu hjá tónmenntakennara (tónlistarstíll/upptaka að lagi). Horft á 2 myndbönd af vef.

#### 4. vika

Lestrarplani og verkefnaplani fylgt hjá umsjónarkennara og haldið áfram að vinna að upptöku hjá tónmenntakennara.

#### 5. vika

Frágangur á verkefnum og skil á verkefnaöppu og á tónsmíð hjá tónmenntakennara. Skriflegt próf úr *Hljóðspor* og *Úr sveit í borg*.

# Þema í 8. bekk: 1918

---

## Markmið

### að nemandi

- skoði byrjun 20. aldarinnar á Íslandi og fjalli um þær aðstæður sem landsmenn bjuggu við; samfélagslegar, í umhverfi og náttúru
- þekki áhrifa hafíss við strendur landsins
- tengi umræðu um frostaveturinn mikla við loftslagsbreytingar nú á tímum
- geri sér grein fyrir afleiðingum náttúruhamfara eins og eldgosa á daglegt líf
- kynnist viðbrögðum við náttúruhamförum og vöktun eldstöðva
- þekki afleiðingar spænsku veikinnar og tengi hana við hugsanlegar afleiðingar flensufaraldurs í heiminum eins og t.d. „fluglaflensu“ og svokallaðrar svínaflensu
- kynnist störfum heilbrigðisstétta og fyrstu sjúkrahúsum á Íslandi í upphafi 20. aldar
- geti útskýrt eðli algengra veirusjúkdóma í mönnum
- geti útskýrt hvað er veira og hvernig þær fjölga sér
- þekki aðdragandann að fullveldi Íslendinga
- tengi umræðu um fullveldi við aðild að ESB.

## Námsefni

Árið 1918 eftir Helga Grímsson, ljósrit frá kennara, ýmsar heimildir sem tengjast árinu 1918.

## Efni og áhöld

Aðgangur að wikispaces.com , kennsluleiðbeiningar með námsefni.

## Kennsluaðferðir

Bein kennsla, heimildarvinna, hópverkefni, leikræn tjáning, kannanir, margmiðlun, samræðuaðferðir, spurnaraðferðir, yfirferð námsefnis, upplýsingartækni, umræður.

## Viðfangsefni og verkefni

Nemendur vinna að þema sem kallast 1918. Þar hafa þeir bókina *Árið 1918* til hliðsjónar sem er nýútgefið efni frá Námsgagnastofnun. Nemendur lesa bókina og búa til spurningar sjálfir til að festa efni betur í minni. Kennari velur úr spurningar og notar sem prófspurningar síðar í þemanu. Nemendur velja sér hvaða efni eða atburð, þetta sögufræga ár, þeir vilja helst dýpka þekkingu sína á. Stórviðburðir á árinu 1918 voru t.d. fullveldisdagur Íslendinga, frostaveturinn mikli, spænska veikin og Kötlugosið. Nemendur eiga síðan að tengja þessa atburði við nútímann eins og t.d. við loftslagsbreytingar og svínaflensuna og hvernig aðstæður okkar Íslendinga eru öðruvísi núna en þá. Yfirmarkmið þemans er að læra að nota ritaðar heimildir og hvað má og má ekki í heimildavinnu. Sett verður upp heimasíða (wikispaces.com) sem vinna nemenda fer inn á og verður öðrum aðgengileg.

Verkefnalýsingar má sjá í fylgiskjölum. Vinna í þemanu fer fram bæði heima og í skóla. Nemendur sjá líka um kynningu á fullveldisbaráttu Íslendinga fyrir aðra nemendur skólans á 1. des.

## Námsmat

Skriflegt próf úr bókinni *Árið 1918* (30%)

Hópverkefni um stóra viðburði árið 1918 (50%) kennaramat

Einstaklingsverkefni um heimildanotkun (20%) kennaramat

## Mat á þemanu

Gekk vel – gaman að gera heimasíðu og nemendur voru áhugasamir um vinnuna sem tengdist henni. Erfiðast var að láta nemendur afla sér heimilda og lesa sér til um efnið áður en hafist var handa við heimasíðuvinnuna. Það reyndist vel að láta nemendur sjálfa búa til „prófspurningarnar“, það kom vel út. Þeim fannst ekkert mál að svara spurningum sem þeir höfðu sjálfir útbúið. Tímaramminn gekk nokkurn veginn upp.

### Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

- Þemayfirlit
- Hópverkefnalýsing
- Námsmatsblað

### Tímaáætlun

Fjórir 60 mínútna tímar og tveir 45 mínútna tímar á viku í þessu þema.

Heimavinna: Lestur í kennslubók

#### 1. vika

Þema kynnt og farið yfir markmið og verkefnablöð. Nemendum sett fyrir lestur samkv. plani og val á viðfangsefni í hópverkefni fer fram. Wikispaces vefurinn kynntur. Kennari fer yfir þau markmið sem hvorki munu nást úr kennslubók né verkefnavinnunni.

#### 2. vika

Heimildaöflun og undirbúningur fyrir hópverkefni (sjá lýsingu í fylgiskjali). Mikil áhersla á rétta heimildanotkun. Unnið að kynningu fyrir 1. des. Lestur og yfirferð í kennslubók, nemendur búa til spurningar sjálfir úr efni kaflanna og svara þeim.

#### 3. vika

Hóparnir byrja að vinna að heimasíðunni þegar þeir hafa lokið við heimildavinnuna. Kynning flutt á sal á 1. des. Lestur og yfirferð í kennslubók.

#### 4. vika

Heimasíðu skilað og vinna við einstaklingsverkefni sett af stað. Þar er ennfremur verið að æfa rétta heimildanotkun (sjá lýsingu á fylgiskjali). Skriflegt próf úr *Árið 1918* og skil á einstaklingsverkefni.

# Þema í 8. bekk: Aðeins ein jörð

## Markmið

### Að nemandi geti

- lýst megineinkennum allra lífvera, nauðpurftum þeirra og úr hverju þær eru búnar til
- gert grein fyrir gerð og hlutverkum fruma og starfsemi þeirra
- áttað sig á verkaskiptingu lífvera og skipulagi þeirra
- áttað sig á umhverfi lífvera, fæðu og orku í vistkerfinu og tengsl lífvera í vistkerfi
- rakið sögu flokkunarkerfa
- gert grein fyrir tvínafnakerfinu
- gert grein fyrir sjö helstu flokkunareiningum lífvera
- lýst helstu einkennum dreifkjörnunga, frumvera, sveppa, plantna og dýra
- gert grein fyrir gerð veira
- gert grein fyrir því hvernig veirur fjölga sér og hvers vegna þær valda sjúkdómum
- lýst gerilfrumu og gert grein fyrir helstu hlutum hennar
- borið saman frumbjarga og ófrumbjarga geril
- rætt um gagnsemi og skaðsemi gerla og gert grein fyrir fjölgun þeirra.
- lýst einkennum frumvera, frumdýra, frumþörungum og slímsveppum
- lýst einkennum sveppa, fjölgun þeirra og hversu margir hópar af ólíkum sveppum eru til
- gert greinarmun á hryggdýrum og hryggleysingjum og lýst hvað einkennir hvorn hóp fyrir sig.

## Námsefni

*Einkenni lífvera, Lifandi veröld.*

## Efni og áhöld

Smásjár, víðsjár, vogir, skýrslublöð, heimildir af skólasafni, kennsluleiðbeiningar með Einkenni lífvera og Lifandi veröld.

## Kennsluaðferðir

Bein kennsla, fyrirlestrar, fræðslumyndir, heimildarvinna, hlustunarefni, kannanir, umræður, sýnikennsla, vinnubókarkennsla, verklegar æfingar, utanbókarnám og spurnaraðferðir.

## Viðfangsefni og verkefni

Aðeins ein jörð er viðamesta þemað á skólaárinu. Tvær bækur liggja til grundvallar og heita þær *Einkenni lífvera* og *Lifandi veröld*. Nemendur lesa valda kafla úr þeim báðum og vinna verkefni. Byrjað er á *Einkenni lífvera* og síðan farið í *Lifandi veröld*. Í lok hvers kafla er stutt krossapróf og þurfa nemendur að fá 7,5 í meðaltalseinkunn úr öllum köflunum, en úr hvorri bók fyrir sig. Ef það næst ekki þurfa þeir að taka lokapróf þegar farið hefur verið yfir allt efnið. Nemendur eiga að lesa heima samkvæmt lestrarplani og vera vel undirbúnir fyrir kennslustundirnar. Í þeim fer kennari yfir efnið og lætur nemendur ýmist glósa eða fá glósur af vef. Nemendur vinna upprifjunarverkefni og/eða svara spurningum eftir hvern kafla samkvæmt áætlun. Eitt stórt verkefni er í þessu þema og það er heimildaritgerð. Þá eru teknir 2 síðustu kaflarnir í *Lifandi veröld* (hryggdýr og hryggleysingjar) og nemendur skrifa um þá. Þá nota nemendur kaflann sem heimild en bæta jafnframt við sig fleiri rituðum heimildum af safni. Fyrri hluti þemans er um 3 vikur og þá tökum við eina viku í verklegar æfingar. Síðari hluti þemans + ritgerðarvinnan tekur u.þ.b. 3 vikur. Allt í allt 7 vikur. Kennarinn reynir að miðla efninu á fjölbreyttan hátt, t.d. með því að láta nemendur kenna öðrum nemendum, reyna að tengja sem mest við eitthvað í umhverfi nemenda í bland við hefðbundna kennslu. Athugið að á vef Námsgagnastofnunar er hægt að hlaða niður námsefninu þannig að nemendur geta hlustað á upplestur á textanum um leið og þeir lesa. Notast var við verkefni og krossapróf sem fylgdi

námsefninu. Skipulag vinnunnar við heimildaritgerðina miðast við form unglíngastígs á heimildaritgerðarvinnu.

### Námsmat

Kaflapróf (eða lokapróf) úr *Einkenni lífvera* og verkefni (30%)

Kaflapróf (eða lokapróf) úr *Lifandi veröld* og verkefni (30%)

Frammistaða og virkni í kennslustundum (20%)

Ritgerð (einstaklingsverkefni) (20%)

### Mat á þemanu

Þetta þema gekk ágætlega engu að síður þarf að skoða og betrumbæta ýmsa hluti. Efnið er sérstaklega þurrt og það þurfti að hafa sig alla við svo nemendum færi ekki að leiðast þófið. Það reynist mörgum erfitt að umgangast heimildir rétt og erfitt að greina aðalatriði frá aukaatriðum úr texta. Verklegra vikan var vel heppnuð og sýnir að nemendur læra mest á því að skoða og snerta og prófa sjálf. Myndi mæla með fleiri svoleiðis tímum auk þess að stokka upp kennsluna með t.d. fleiri kennslumyndböndum. Of langt þema, þyrfti að endurskoða námsefni.

### Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

- Þemayfirlit
- Leiðbeiningar um ritgerð
- Tímaáætlun
- Námsmatsblað

### Tímaáætlun

Fjórir 60 mínútna tímar og tveir 45 mínútna tímar á viku í þessu þema.

Heimavinna: lestur í kennslubókum + verkefnavinna (sjá fylgiskjöl)

#### 1. vika

Þemað kynnt og kveikjan er að horfa á nokkra David Attenborough þætti. Farið yfir markmið og vinnu-og verkáætlunina.

#### 2. vika

Farið eftir vinnu-og verkáætlun þemans.

#### 3. vika

Farið eftir vinnu-og verkáætlun þemans. Verkefnum skilað og þeir sem ekki náðu yfir 7,5 í kaflaprófum taka lokapróf.

#### 4. vika

Verklegar æfingar. Teknar valdar æfingar og tilraunir úr námsefni og nemendum leyft að prófa sig áfram. Farið yfir skýrslugerð.

#### 5. vika

Byrjað á nýrri námsbók og skipulagið kynnt. Farið eftir vinnu-og verkáætlun.

#### 6. vika

Farið eftir vinnu- og verkáætlun þemans.

#### 7. vika

Farið eftir vinnu-og verkáætlun þemans og unnið að heimildaritgerð. Þeir sem ekki náðu að klára ritgerðarvinnu í skólanum fengu það sem heimavinnu. Verkefnum úr seinni hluta þemans skilað og þeir sem ekki náðu yfir 7,5 í kaflaprófum taka lokapróf.

# Þema í 8. bekk: í fullorðinna tölu

---

## Markmið

### Að nemendur

- taki þátt í umræðum um lesna texta
- þjálfist í að nota stafsetningarorðabók, ritunar- og leiðréttingarforrit
- geti nýtt sér tölvu við ritun/ritvinnslu
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta, m.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum
- tileinki sér persónulega og læsilega rithönd
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar
- geti byggt upp texta á viðeigandi hátt
- læri að nýta sér heimildir við ritun
- fáist við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta
- kanni barnavinnu gegnum tíðina, hlutverk og viðhorf manna til hennar allt til líðandi stundar, einkum á Íslandi
- beri hlutverk og tilgang fermingarinnar saman við fermingar og manndómsvígslur í fjarlægari samfélögum
- setji sig í spor jafnaldra á fyrri tíð með því að kanna persónulegar heimildir, t.d. sendibréf og ævisögur
- reki þróun fermingarinnar innan kristinnar, einkum á Íslandi
- greini hlutverk, skyldur og gildi sem tengd voru fermingunni, bæði af trúarlegum og veraldlegum toga
- kanni hvaða möguleika stúlkur og piltar höfðu til að móta framtíð sína í lok 19. aldar, með því t.d. að mennta sig, fara í vist, flytja í kaupstað eða til Vesturheims.
- beri íslensk fermingarborn saman við jafnaldra þeirra í Evrópu á sama tíma, einkum á Norðurlöndum
- greini breytingar á hlutverki ungs fólks í fjölskyldu og atvinnulífi sem allajafna áttu sér stað um fermingar.

## Námsefni

Í fullorðinna tölu, Bréf og minningar, myndahefti sem fylgir námsefni.

## Efni og áhöld

Kennsluleiðbeiningar með námsefni, dagblöð, A4 karton, lím, gormar, gormavél, aðgangur að tölvum með Word ritvinnsluforriti og prentara.

## Kennsluaðferðir

Bein kennsla, fyrirlestrar, heildstæð verkefni, ritun, samræðuaðferðir, sköpun, söguaðferð, viðfangsefni tengd daglegu lífi, upplýsingartækni og umræður.

## Viðfangsefni og verkefni

Í þemaverkefninu *Í fullorðinna tölu* takast nemendur á við sögunámið á annan hátt en vanalega. Fermingin í sögulegu tilliti er útgangspunktur verkefnisins og reynt að tengja hana við ýmsa þætti Íslandssögunnar. Samþætting við íslensku og listgreinar er áberandi í þemanu. Aðallega er notast við söguaðferðina „storytelling“ við kennslu og farið eftir skipulagi námsefnis í því. Þó fermingin sé leiðarþráðurinn í námsefninu er ekki ætlunin að hafa nein áhrif á það hvort unglingar nútímans kjósa að fermast eða ekki eða hvaða sið þeir aðhyllast heldur að lýsa því sem óneitanlega hefur verið ríkur þáttur í íslensku þjóðlífi um langan aldur. Fermingarfræðsla kirkna eða annarra aðila er af öðrum

toga. Í þemanu er stuðst við skipulag sem kennslubókin býður upp á og þar er efnið nálgast með aðferðum söguaðferðarinnar. Mest af færslunum er tekið en allri brúðugerð sleppt. Nemendur lásu heima fyrir tímana og unnu síðan verkefni í skólanum eftir að kennari hafði farið yfir efnið. Mikið var um umræður og skoðanaskipti í kennslustundum.

### Námsmat

Leiðarbók og frágangur á verkefnum 30%  
 Verkefni í Leiðarbók 40%  
 Vinnusemi og þátttaka í kennslustundum 30%

### Mat á þemanu

Mjög mikilvæg markmið sem verið er að vinna með í þessu þema, skemmtilegt að blanda listum inn í þemað. Það að búa til Leiðarbókina gaf nemendum heilmikið, þeim fannst þeir eiga meira í verkefninu. Ritunarvinnan í þemanu tók á mjög mörgum nauðsynlegum þáttum í ritvinnslu, byggingu texta og skipulagningu. Tímaramminn stóðst nokkurn veginn.

### Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

- Þemayfirlit
- Inngangs og lokaorð í leiðabók
- Námsmatsblað
- Sjá fleiri sérúnnin verkefnablöð í kennsluleiðbeiningum með námsefni

### Tímaáætlun

Fjórir 60 mínútna tímar og tveir 45 mínútna tímar á viku í þessu þema.  
 Heimavinna: lestur í kennslubók

#### 1. vika

Þemað kynnt – kveikja, farið á hugarflug með nemendum um hvað fermingin stendur fyrir. Að því loknu atriðin flokkuð og gerð sýnileg upp á vegg. Farið yfir markmið og verkefni þemans. Undirbúningur fyrir gerð Leiðarbókar sem mun geyma öll verkefni þemans.

#### 2. vika

Leiðarbók útbúin – dagblöð rifin og nemendur útbúa klippimyndir á forsíðu og baksíðu leiðarbókar (A4 síður) Lakkað yfir með glæru lakk. Forsíðan og baksíðan gormuð í gormavél, bókin merkt og hún geymd þangað til nemendur prenta út verkefni.

#### 3.-5.vika

Nemendur fylgja skipulagi kennsluleiðbeininga. Farið er yfir lesna kafla og verkefni (færslurnar) unnar. Ýmist skrifa nemendur færslur í stílabók eða í Word ritvinnsluforrit. Læra vel hvernig á að setja upp texta og byggja hann upp sem og hvernig skal setja upp bréf. Nemendur nota leiðréttingarforrit. Þegar allar færslur hafa verið settar inn í Word er prentað út og sett inn í Leiðarbók.



# Þema í 8. bekk: Ég og þú

---

## Markmið

### Að nemandi

- þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- átti sig á að einstaklingar eru stöðugt að miðla tilfinningum sín á milli og láta þannig í ljós líðan sína og hugarástand
- geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundi
- læri að veða og meta langanir sínar og væntingar á raunhæfan hátt til að geta sett sér persónuleg markmið
- geti sett sér fyrir sjónir margvísleg vandamál og fundið eigin lausnir á þeim
- skynji félagslegar aðstæður til að geta metið hvort og hvernig hann gerist þátttakandi í þeim, t.d. að standast þrýsting til að gera eitthvað gegn betri vitund
- sé meðvitaður um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæm virðing og persónuréttur eru helstu mælikvarðar á siðlega kynímynd, kynupplifun og kynhegðun hvers og eins
- læra að veða og meta áhrif fyrirmynda og staðalmynda í mótun eigin ímyndar og lífsstíls
- vera meðvitaður um samhengi hirðusemi og hollra lífsvenja við að ráða við álag, streitu og kröfur í dagsins önn
- geri sér grein fyrir hlutverki laga og reglna í persónulegum og ópersónulegum samskiptum einstaklinga, t.d. Innan fjölskyldu, í skóla, á vinnustað og milli einstaklinga af ólíku þjóðerni
- þekki hættur samfara misnotkun lyfja sem notuð eru til lækninga
- læri að skilja hvernig fjölmiðlar skapa lífsstíl sem endurspeglast meðal annars í tilteknum kynhlutverkum og líkamsfyrirmyndum.

## Námsefni

Námsbókin *Ég og þú*, myndbönd af [nams.is](http://nams.is) (*Forfallakennarinn*),

## Efni og áhöld

Aðgangur að forritinu *Comic Life*.

## Kennsluaðferðir

Fræðslumyndir, heimildarvinna, hópverkefni, margmiðlun, ritun, sköpun, viðfangsefni tengd daglegu lífi, upplýsingartækni og umræður.

## Viðfangsefni og verkefni

Þemað tekur aðallega á lífsleikni og er þætt saman við aðrar greinar s.s. íslensku og tölvu og upplýsingatækni. Nemendur fá kynfræðslu og munu horfa þáttaröð sem Námsgagnastofnun gaf út og heitir Forfallakennarinn. Hjúkrunarfræðingur skólans kemur líka í heimsókn og ræðir um hreinlæti og heilbrigði. Við munum nota okkur þessa góðu forvarnafræðslu sem nemendur hafa fengið undanfarið til að uppfylla markmið þemans. Verkefni þemans eru tvenns konar. Hið fyrra er einstaklingsverkefni og felur í sér að nemendur búa til forvarnauglýsingar um skaðsemi fíkniefna, áfengis og reykinga annarsvegar og hins vegar taki fyrir vágesti eins og netfíkn, átröskun, þunglyndi og einelti. Seinna verkefnið felur í sér að nemendur mynda hópa og vinna fræðslukynningu um viðfangsefni sitt og kynna fyrir samnemendum sínum. Í fyrra verkefninu kynnast nemendur nýju forriti sem kallast *Comic Life* og býðst þeim að búa til forvarnauglýsinguna í þessu skemmtilega forriti sem býður m.a. upp á teiknimyndasögumöguleika. Í okkar tilfalli var efnt til keppni um best unnu auglýsinguna.

## Námsmat

Hópverkefni 25%

Vinna og þátttaka í kennslustundum 25%  
Einstaklingsverkefni 50%

### Mat á þemanu

Þetta var mjög vel heppnað þema, þau markmið sem ekki náðust með verkefnavinnunni og kennslubókinni tókum við fyrir í umræðutímum og gafst það vel. Þetta var skemmtilegt þema og góð tímasetning á því svona á vordögum. Nemendur hefðu ekki verið tilbúnir í kynfræðslu og umræður um unglingsárin fyrr en núna.

### Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

- Þemayfirlit
- Leiðbeiningar um einstaklingsverkefni
- Leiðbeiningar um hópverkefni
- Námsmatsblað

### Tímaáætlun

Fjórir 60 mínútna tímar og tveir 45 mínútna tímar á viku í þessu þema. Heimavinna: engin

#### 1. vika

Kennari opnar umræðu við nemendur um kynlíf og kynfræðslu. Hjúkrunarfræðingur kemur og talar um hollustu, hreinlæti og heilbrigt lífni. Nemendur lesa fyrstu kaflana í kennslubók og horfa á 2 þætti af Forfallakennaranum. Umræðutímar.

#### 2. vika

Nemendur lesa í kennslubók og horfa í kjölfarið á næstu 2 þætti af Forfallakennaranum. Vinna við einstaklingsverkefni hefst. Umræðutímar.

#### 3. vika

Nemendur lesa í kennslubók og horfa á 2 síðustu þættina af Forfallakennaranum. Vinnu við einstaklingsverkefni lýkur og afurðin (auglýsingarnar) hengdar upp fyrir dómnefnd. Umræðutímar.

#### 4. vika

Nemendur byrja á hópverkefni (sjá lýsingu í fylgiskjali) og ljúka því með því að kynna fyrir öllum bekknum. Besta forvarnarauglýsingin kosin.

# Þema í 9. bekk: Stríðsárin

---

## Markmið

### Nemendur

- Þekki gang seinni heimsstyrjaldarinnar og fái góða mynd af hernámi Breta og Bandaríkjamanna, áhrifum þess og afleiðingum fyrir íslenskt samfélag
- Öðlist skilning á atvinnumálum, stjórnámum, efnahagsmálum og svokölluð ástandsmálum (samskipti hermanna við íslenska kvenþjóð) íslensku þjóðarinnar
- Fræðist um ofsóknir nasista gegn gyðingum og ýmsum minnihluta hópum .

## Námsefni

*Stríðsárin á Íslandi 1939 – 1945 og Grafarþögn*

## Efni og áhöld

Tölvur

Skjávarpi eða myndbandstæki

Heimskort

## Kveikja

Kvikmyndin *Schindler's List* eða önnur kvikmynd sem tengist stríðsárunum.

## Kennsluáferðir

Útlistunarkennsla, umræður- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir, hópavinna, einstaklingsvinna, útikennsla.

## Viðfangsefni og verkefni

Vettvangsferð í Öskjuhlíðina að skoða stríðsminjar. Nemendum er skipt í 4 – 5 manna hópa og hver hópur fær eina myndavél. Nemendur taka myndir af stríðsminjum. Í skólanum eru myndirnar skoðaðar í sameiningu og umræður um hvað sé hvað. Nemendur lesa skáldsöguna *Grafarþögn* og vinna einstaklingsverkefni í tengslum við hana. Nemendur lesa alla bókina *Stríðsárin á Íslandi*. Nemendur svara spurningum úr verkefnahefti í tengslum við bókina og skila í möppu til kennara. Nemendur vinna einstaklingslega eða í pörum að gerð heimildaritgerðar um afmarkaðan þátt að eigin vali af fyrirframákveðnum lista úr stríðinu.

## Námsmat

Próf úr kennslubókinni *Stríðsárin á Íslandi* – 35%

Heimildaritgerð – 30%

Verkefni úr *Grafarþögn* – 20%

Verkefnahefti og þátttaka í umræðum – 15%

## Mat á þemanu

Mjög fræðandi og viðamikil þema sem heillar nemendur.

## Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

Þemayfirlit

Námsmatsblað

Les- og verkefnayfirlit

Próf úr kennslubókinni *Stríðsárin á Íslandi*

Próf úr kennslubókinni *Stríðsárin á Íslandi – lausnir*

## Tímaáætlun

6 vikur. Miðað við ca. 390 mínútur á viku.

### 1. vika

Kveikja – kvikmynd sem tengist stríðsárunum, t.d. *Schindler's list*. Vettvangsferð í Öskjuhlíðina – umræður. Stríðsárin á Íslandi: Lesa 1. og 2. Kafla. Verkefnahefti – svara spurningum við 1. og 2. kafla. Byrja að lesa *Grafarþögn*.

### 2. vika

*Stríðsárin á Íslandi*: Lesa 3., 4. og 5. Kafla. Verkefnahefti – svara spurningum við 3., 4. og 5. kafla. Lesa í *Grafarþögn*.

### 3. vika

*Stríðsárin á Íslandi*: lesa 6. og 7. Kafla. Verkefnahefti – svara spurningum við 6. og 7. Kafla. Klára *Grafarþögn* og skila verkefni í tengslum við hana.

### 4. vika

Próf úr kennslubókinni *Stríðsárin á Íslandi*.  
Vinna í heimildaritgerð.

### 5. vika

Vinna í heimildaritgerð.

### 6. vika

Skila heimildaritgerð.

# Þema í 9. bekk: Heimsreisán mín

---

## Markmið

### Nemendur

- öðlast heildarsýn yfir valda landfræðilega þætti á heimsvísu og á Íslandi og geta útskýrt svæðisbundinn mun á þeim
- þekkja þau útrænu og innrænu öfl sem mikilvirkust eru við að mynda og móta yfirborð jarðar
- geta lýst megineinkennum og útbreiðslu fjögurra helstu loftslagsbelta jarðar og hvernig þau tengjast breiddargráðum og dreifingu lands og sjávar um jörðina, megindrættum landslags og ríkjandi vindum
- átta sig á að fólksfjöldi og atvinnustarfsemi hefur áhrif á náttúruauðlindirnar og umhverfið
- átta sig á ýmsum ferlum í náttúrunni og tengslum þeirra og lífs
- þekkja til undirstöðuatriða mannvistar og ólíkra lífshátta og kjara fólks, m.a. vegna ójafnrar dreifingar náttúruauðlinda og ólíkra þjóðfélagshátta
- skilja nauðsyn aðstoðar við þróunarlönd
- þekkja helstu orku- og náttúruauðlindir jarðar og hvernig þær eru nýttar
- þekkja hvað er efst á baugi í umhverfismálum og öðlast skilning á gildi umhverfisverndar heima og á heimsvísu.

## Námsefni

*Landafræði handa unglíngum – 2.hefti*

## Efni og áhöld

Heimskort

Skjávarpi

Tölvur – internet, excel, power point

## Kveikja

Kvikmyndin *Around the world in 80 days*. Heimsókn frá einhverjum sem hefur farið í heimsreisu

## Kennsluáðferðir

Útlistunarkennsla, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir, hópavinnna og einstaklingsvinna

## Viðfangsefni og verkefni

Verkefni unnin upp úr kennslubókinni, *Landafræði handa unglíngum – 2.hefti*. Verkefnaöppu skilað til kennara.

Hópverkefni : Nemendur skipuleggja þriggja mánaða heimsreisu á sem ódýrastan máta. Útbúa power point sýningu og kynna verkefnið fyrir samnemendum. Mjög stórt og viðamikilið verkefni. Þar sem 3 - 5 nemendur vinna saman í hóp.

## Námsmat

Próf úr kennslubókinni *Landafræði handa unglíngum – 2. hefti*. (30%)

Verkefnaöppa og umræður í tímum (15%)

Vinnuframlag til hópverkefnis – jafningjamat (25%)

Hópverkefni – heimsreisán mín (30%)

Matið á hópverkefninu skiptist eftirfarandi:

Undirbúningur (10%)

Efnistöð (30%)

Framsetning (30%)

Tjáning (20%)  
Kostnaðaráætlun (10%)

### Mat á þemanu

Sérlega skemmtilegt þemaverkefni þar sem nemendur nutu þess að fræðast um heiminn. Krefst mikillar tölvuvinnu og þarf því aðgangur að tölvum að vera góður.

### Sérunnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

Þemayfirlit  
Námsmatsyfirlit  
Les- og verkefnayfirlit  
Lýsing á hópverkefni  
Landafræði próf  
Landafræði próf - lausnir

### Tímaáætlun

7 vikur. Miðað við ca. 390 mínútur á viku.

#### 1. vika

- Kvikmyndin *Around the world in 80 days*.
- Heimsókn frá einhverjum sem hefur farið í heimsreiðu.

Landafræði handa unglingum: Fólksfjöldi: bls. 4 – 13, Nýju ríkin á landsvæði Sovétríkjanna fyrrverandi: bls. 14 – 25. Hópar byrja undirbúning á verkefninu heimsreisan mín.

#### 2. vika

Landafræði handa unglingum: Nýju ríkin á landsvæði Sovétríkjanna fyrrverandi: bls. 26 – 35, Asía: bls. 36 – 37, Kína: bls. 38 – 52. Hópavinna – heimsreisan mín. Vinnuáætlun skilað til kennara.

#### 3. vika

Landafræði handa unglingum: Indland: bls. 54 – 69, Afríka: bls. 70 – 91. Hópavinna – heimsreisan mín

#### 4. vika

Landafræði handa unglingum: Ástralía: bls. 92 – 97, Suðurskautslandið: bls. 98 – 99, Ameríka: bls. 100 – 123. Hópavinna – heimsreisan mín

#### 5. vika

Próf úr Landafræði handa unglingum 2. hefti. Hópavinna – heimsreisan mín

#### 6. vika

Hópavinna – heimsreisan mín. Lokahönd.

#### 7. vika

Hópavinna – heimsreisan mín. Kynningar

# Þema í 9. bekk: Nýbúar

---

## Markmið

### Nemendur

- kynnist hugtakinu nýbúar
- kynnist hugtakinu fjölmening
- fræðist um fjölmeningarlegt samfélag
- átti sig á því að Ísland er fjölmeningarlegt samfélag
- fræðist um fólksflutning á milli landa
- velti fyrir sér hverjir séu Íslendingar og af hverju
- kynnist nýbúa með því að taka við hann viðtal.

## Námsefni

Fræðsla frá jafnréttishúsi

## Efni og áhöld

Tölvur

Skjávarpi

Myndavél

Videovél

Upptökutæki

## Kveikja

Heimsókn frá Jafnréttishúsi.

## Kennsluaðferðir

- Umræðu – og spurnaraðferðir
- Hópavinna

## Viðfangsefni og verkefni

Paraverkefni: Nemendur taka viðtal við nýbúa, útbúa power point sýningu og kynna fyrir samnemendum.

Vefleikurinn *Flótti* eða hlutverkaleikurinn *Á flóttu*

## Námsmat

Þátttaka í umræðum (20%)

Þátttaka í vefleiknum *Flótti* eða þátttaka í hlutverkaleiknum: *Á flóttu* (30%)

Viðtal (50%)

- Spurningalisti (25%)
- Vinnusemi (25%)
- Kynning (50%)

## Mat á þemanu

Augljóslega mikil þörf á umræðum um nýbúa á unglíngastigi. Námsefni ábótavant.

## Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

## Tímaáætlun

5 vikur. Miðað við ca. 390 mínútur á viku.

**1. vika**

Kveikja – heimsókn frá Jafnréttishúsi. Umræður um Nýbúa. Landnám Íslands rifjað upp og tengt við hugtakið nýbúar. Nemendur fræðast um Vesturfara á vefnum <http://servefir.ruv.is/vesturfara/>

**2. vika**

Vefleikurinn *Flótti*. Kennsluleiðbeiningar á heimasíðu Rauða krossins. Eða: Hlutverkaleikurinn *Á flóttu* ef hópurinn treystir sér til að taka þátt.

**3. vika**

Undirbúningur viðtals, viðmælandi fundinn, spurningarlisti gerður. Viðtal tekið.

**4. vika**

Úrvinnsla viðtals. Power point fyrirlestur unnin.

**5. vika**

Kynningar á viðtölum.



# Þema í 9. bekk: Hvað kostar dæmið?

---

## Markmið

### Nemendur

- þekki og hafi innsýn í fjármálaumhverfi einstaklinga, heimila og samfélags
- kynnist tekjuskatti og hugtökum tengdum fjármálum
- kynnist töflureikni (excel)
- geri sér grein fyrir hvernig beita má stærðfræði í daglegu lífi og á öðrum sviðum
- eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum, skipulagi, nákvæmni og upplýsingaöflun
- æfist í samskiptum.

## Námsefni

Ekkert grunnefni

## Efni og áhöld

Tölva (excel, power point, pubilsher, internet (vefur Hagstofunnar, hagstofa.is)

Prentari

Skjávarpi

Sími

Karton og föndurdót

## Kveikja

Umræður um laun, framfærslukostnað og stórviðburði í lífi einstaklinga.

## Kennsluaðferðir

- Leitaraðferðir
- Umræður- og spurnaraðferðir
- Sjálfstæð, skapandi viðfangsefni
- Hópavinna

## Viðfangsefni og verkefni

Hópaverkefni: 3 – 4 nemendur saman í hópi. Nemendur undirbúa og kostnaðargreina einn viðburð sem marka tímamót á æviferlinum, t.d. brúðkaup, jarðaför, stórafmæli eða jólahald og áramót. Sjá nánar í fylgiskjali.

## Námsmat

Verklýsing og vinnuáætlun — 10%

Kostnaðaráætlun unnin í excel — 20%

Sýnishorn — 20%

Dagbók — 15%

Kynning—20%

Vinnuframlag til verkefnis — 15%

## Mat á þemanu

Virkilega fjölbreytt og áhugavert þema þar sem nemendur ná miklum tengslum við raunveruleikann.

## Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

Þemayfirlit

Námsmatsyfirlit

## **Tímaáætlun**

6 vikur. Miðað við ca. 390 mínútur á viku.

### **1. vika**

Kveikja – umræður um stórviðburði í lífi okkar. Af hverju marka þessir viðburðir tímamót í lífi okkar? Umræða um laun, skatta og framfærslukostnað. Hópaskipting – hver hópur ákveður hvaða viðburð þeir ætla að taka (eða dregið) . Hópurinn skipuleggur sig og gerir verklýsingu sem er skilað til kennara. Tölvutími – Vefur Hagstofu Íslands kynntur nemendum. Meðallaun ýmissa starfstétta skoðuð og nemendur ákveða samsetning á sinni fjölskyldu.

### **2. vika**

Tölvutími – excel kennsla. Kennsla í nákvæmri kostnaðaráætlun. Hóparnir vinna sjálfstætt að sínu verkefni.

### **3. vika**

Hóparnir vinna sjálfstætt að sínu verkefni

### **4. vika**

Hóparnir vinna sjálfstætt að sínu verkefni.

### **5. vika**

Hóparnir leggja lokahönd á verkefnið sitt. Klára kostnaðaráætlun og öll sýnishorn. Kynning undirbúin og æfð.

### **6. vika**

Kynningar á verkefnum.

# Þema í 9. bekk: Erum við ein í alheiminum?

---

## Markmið

### Nemendur

- þekki að í öllum lífverum fer fram ákveðin starfsemi, svo sem hreyfing, næringarnám, úrgangslusun, vöxtur og æxlun
- geri sér grein fyrir að líf myndast einungis af öðru lífi með kynlausri æxlun eða kynæxlun
- geri sér grein fyrir að lífverur þroskast á mismunandi hátt á lífsleiðinni
- kynnist helstu hugtökum erfðafræðinnar, svo sem litningum, genum og DNA
- þekki einföld dæmi um það hvernig eiginleikar erfast á milli kynslóða
- þekki hvernig atferli dýra hefur áhrif á lífsafkomu þeirra og hæfni í þróunarfræðilegum skilningi
- þekki grunnhugtök þróunarlíffræðinnar, svo sem náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika
- kynnast hugmyndum um uppruna og þróun lífsins
- kynnist hugmyndum manna um uppbyggingu alheimsins
- þekki gerð og eiginleika sóla og reikistjarna
- þekki sólkerfið okkar og nokkur einkenni þess
- þekki til geimferða mannsins, geimrannsóknna og notkun gervihnatta.

## Námsefni

*Erfðir og þróun*

*Sól, tungl og stjörnur*

## Efni og áhöld

Tölvur

Umhverfið í kring

Steingervingur búinn til

Leir

Gifsi

Skel eða bein

## Kveikja

Kvikmyndin *Independence day* eða einhver önnur mynd sem tengist geimverum.

## Kennsluaðferðir

Útlistunarkennsla

Verklegar æfingar

Umræðu- og spurnaraðferðir

Leitaraðferðir

Hópavinna

## Viðfangsefni og verkefni

Verkefni í kennslubókunum *Erfðir og þróun* og *Sól, tungl og stjörnur*.

Verklegar æfingar úr kennslubókunum

Myndband um pláneturnar af [nams.is](http://nams.is)

Próf  
Heimildarritgerð

### Námsmat

Kaflapróf 30% (krossapróf sem eru í kennaramöppu með námsefninu)

Verkefni 30%

Ritgerð 40%

Ef nemendur ná ekki 7,5 í meðaleinkunn úr kaflaprófum og verkefnum þurfa nemendur að þreyta lokapróf.

### Mat á þemanu

Viðamikil þema sem nemendur hafa gríðarlegan mikinn áhuga á.

### Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

Skipulagsblað

Skipulag vegna ritgerðar

### Tímaáætlun

12 vikur. Miðað við ca. 390 mínútur á viku.

#### 1. vika

*Erfðir og þróun* - 1. kafli. Lesa kaflann og leysa verkefni. Ein verklega æfing úr kaflanum. 1. kaflapróf.

#### 2. vika

*Erfðir og þróun* – 2. kafli. Lesa kaflann og leysa verkefni. Ein verkleg æfing úr kaflanum. 2. kaflapróf.

#### 3. vika

*Erfðir og þróun* – 3. kafli. Lesa kaflann og leysa verkefni. Ein verkleg æfing úr kaflanum. 3. kaflapróf.

#### 4. vika

*Erfðir og þróun* – 4. kafli. Lesa kaflann og leysa verkefni. Ein verkleg æfing úr kaflanum. 4. kaflapróf.

#### 5. vika

*Erfðir og þróun*. Lokapróf fyrir þá nemendur sem náðu ekki 7,5 eða hærra á kaflaprófum og verkefnum.

#### 6. vika

*Sól, tungl og stjörnur* – 1. kafli. Lesa kaflann og leysa verkefni. 1. Kaflapróf

#### 7. vika

*Sól, tungl og stjörnur* – 2. kafli. Lesa kaflann og leysa verkefni. 2. Kaflapróf

#### 8. vika

*Sól, tungl og stjörnur* – 3. kafli. Lesa kaflann og leysa verkefni. 3. Kaflapróf

#### 9. vika

*Sól, tungl og stjörnur* – 4. kafli. Lesa kaflann og leysa verkefni. 4. Kaflapróf

#### 10. vika

*Sól, tungl og stjörnur* - Lokapróf fyrir þá nemendur sem náðu ekki 7,5 eða hærra á kaflaprófi og verkefnum.

**11. vika**

Nemendur vinna að ritgerð sem á að fjalla um Sól, tungl og stjörnur og tvinna Erfðir og þróun við ritgerðina.

**12. vika**

Nemendur vinna að ritgerð sem á að fjalla um Sól, tungl og stjörnur og tvinna Erfðir og þróun við ritgerðina. Nemendur skila ritgerð til kennara.

# Þema í 10. bekk: Orka og stóriðja

---

## Markmið

### Nemendur

- Þekki helstu eðliseiginleika orku
- Geri sér grein fyrir skynjanlegum eiginleikum ljóss
- Geti útskýrt helstu hugtök tengd rafmangi og seglum
- Þekki helstu orkugjafa sem nýttir eru í íslensku samfélagi, með sérstakri áherslu á endurnýtanlega orkugjafa og notkun þeirra til stóriðju
- Skilji muninn á frumefni, efnasambandi og efnablöndu og þekki helstu sérkenni efna
- Geti útskýrt helstu atriði sem varða efnabreytingar (varðveisla massans, hamskipti, leysing, efnahvörf, efnajafna)
- Þekkja hvað er efst á baugi í umhverfismálum og geta beitt þekkingu sinni til samræðu um umhverfismál
- Nota upplýsingatækni til þess að koma upplýsingum á framfæri með markvissum hætti
- Kunna að lesa úr og vinna með ýmis gögn sem lýsa atvinnulífi, framleiðslu og starfsemi fyrirtækis.

## Námsefni

Námsbækurnar *Orka* og *Efnisheimurinn*.

## Efni og áhöld

Ýmis áhöld og efni sem tengjast kennslu þessara greina.

Bækur af bókasafni um orkuver og stóriðju á Íslandi

Tölvur (aðgengi að neti og prentara).

## Kveikja

Kvikmyndin *Draumalandið* eða önnur kvikmynd sem tengist stóriðju.

## Kennsluaðferðir

- Útlistunaraðferð
- Leitaraðferðir
- Hópavinna

## Viðfangsefni og verkefni

Nemendur leysa skrifleg verkefni sem tengjast þeim námsbókum sem liggja til grundvallar (sjá yfirlit yfir verkefni). Þá taka nemendur þátt í hópverkefni þar sem þeir kynna sér náíð starfshætti eins stóriðjuvers og kynna það fyrir skólafélögum sínum.

## Námsmat

- Verkefnabók – 30%
- Prófseinkunn – 30%
- Verksmiðjan, hópverkefni – 40%

## Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

- Þemayfirlit
- Þemalýsing
- Kennaramat
- Sjálfsmat

- Jafningjamat

### Vinnuáætlun

5 vikur. Miðað við u.þ.b. 300 mínútur á viku. Ætlaðar eru 4 klukkustundir á viku í vinnu að þemanu

### Undirbúningstími

Kynning á þemavinnunni. Áhugi nemenda er kveiktur með því að sýna þeim myndbandsbrot úr *Draumalandið*, síðan er tekið hugarkort um árið og könnuð gróflega forþekking nemenda. Farið er vel yfir skipulag þemans og gefnar leiðbeiningar fyrir stóra hópverkefnið (stóriðjan).

### Vika 1

Nemendur nota þessa viku til að lesa yfir Orkuheftið og svara verkefnum úr köflum 1.-3. Kennari er með innlagnir um hvern kafla í hverjum tíma. Í lok vikunnar er nemendum skipt í hópa eftir áhugasviði (þ.e. hverjir velja hvaða stóriðju).

### Vika 2

Í þessari viku er haldið áfram að fara yfir Orkuheftið (kafla 4.-6.) og þar til heyrandi verkefni. Hópar byrja heimildaöflun og kynna sér leiðbeiningar fyrir skil hópverkefnisins. Nemendur nota þessa viku til að skipuleggja innihald fyrirlestrar með því að ákveða hvað á að fjalla um og setja ramma til að vinna eftir. Hóparnir gera drög að efnisyfirliti. Allir gera uppkast af sínum þætti í verkefninu. Í lok annarrar viku eiga nemendur að hafa lokið við uppkast. Í byrjun þriðju viku eiga nemendur að sýna kennara vinnuna í upphafi kennslustundar.

### Vika 3

Í þessari viku er farið lauslega yfir heftið *Efnisheimurinn* og nemendur vinna valin verkefni (sjá verkefnalista). Nemendur sýna kennara uppkast af textanum sem fluttur er. Þessa viku eiga nemendur að nota til að skiptast á uppköstum og fara yfir vinnuna hver hjá öðrum, gera athugasemdir til úrbóta og endurskrifa eftir þörfum. Mikilvægt er að ræða opinskátt þau mál sem þarfnast nánari skoðunar. Drög verkefna ganga milli allra einstaklinga í hópnum og enginn hluti telst fullunninn fyrr en allir hafa farið yfir hann og sett sitt mark á hann. Í lok þriðju viku á textinn að vera fullunninn. Í fjórðu viku eiga nemendur að sýna kennara vinnuna í upphafi tíma.

### Vika 4

Nemendur sýna kennara afrakstur vinnu þriðju viku í upphafi tíma. Þessa viku eiga nemendur að nota til að vinna að uppsetningu kynningar (texti á glærum og myndir á glærum) og klára þá í þessari viku. Þessar viku nota nemendur í ýmsa frágangsvinnu, s.s. uppsetningu, tengingu mynda og texta og samræmingu á útliti. Í þessari viku ljúka nemendur einnig vinnuskýrslu. Myndaskrá og heimildaskrá eiga að fara í vinnuskýrslu.

### Vika 5

Kynning á að vera tilbúin. Mikilvægt að til kynningar séu boðaðir „sérfræðingar“ t.d. kynningarfulltrúi stóriðjuvers eða orkuvers. Nemendur skila síðan fyrirlestrinum (með notepage) og vinnuskýrslu með jafningjamati. Í lok vikunnar er próf úr bókunum sem liggja til grundvallar og þá eiga nemendur einnig að skila skriflegum verkefnum.

# Þema í 10. bekk: Þjóðfélagið

---

## Markmið

### Nemendur

- Þekki helstu hugtök þjóðfélagsfræðinnar: einstaklingur, fjölskylda, sjálfsmynd, hópur, samfélag
- Kynnist íslenska stjórnkerfinu: s.s. Alþingi, þrískipting ríkisvalds, stjórnarskrá, sveitarstjórnir
- Geri sér grein fyrir að Íslendingar eru aðilar að margvíslegum alþjóðlegum sáttmálum og eiga í margvíslegu samstarfi við aðrar þjóðir: Norðurlandaráð, EES, NATO, Sameinuðu þjóðirnar
- Öðlist skilning á mannréttindum og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra
- Fjalli um mikilvægi þess að vera virkur samfélagsþegn með ríka borgaravitund
- Hugleiði kosti og galla þess að vera Íslendingur
- Afli upplýsinga og heimilda um þjóðfélagsleg málefni, vinni úr þeim og meti gildi þeirra á gagnrýnin hátt
- Öðlist færni í tjáskiptum og rökræðu og kunni að koma skoðunum sínum á framfæri með markvissum hætti.
- Geti skilgreint meginhugmynd og útfært hana á fjölbreyttan hátt
- Geta unnið í hópi eftir verkskiptri tímasettri áætlun þar sem hugmyndauðgi og virðing er lykilatriði.

## Námsefni

Námsbókin *Þjóðfélagsfræði*

## Efni og áhöld

Ýmsar heimildir af neti, t.d. aðalnámskrár grunnskóla

Tölvur (aðgengi að neti og prentara)

## Kveikja

Kennari á þankahríð með nemendum um íslenska þjóðfélagið – kostir og gallar þess að vera Íslendingur á Íslandi. Einnig er hægt að sýna kafla úr þjóðfélagslegum kvikmyndum eins og heimildarmyndum um efnahagshrunið.

## Kennsluaðferðir

- Útlistunaraðferð
- Spurnaraðferð
- Verkefnavinna
- Leitaraðferðir
- Hópavinna

## Viðfangsefni og verkefni

Nemendur lesa bókina Þjóðfélagið og svara spurningum úr köflum bókarinnar. Þá vinna nemendur í hópum að rannsóknarverkefni þar sem eitt hugtak í bókinni er dýpkað og umfjöllun um það tengd eftirfarandi námsgreinum:

- Íslenska
- Samfélagsfræði
- Náttúrufræði
- Upplýsingamennt
- Danska/Norska
- Enska



Nemendur eiga að kynna niðurstöður rannsóknarverkefnis á kynningardegi (sjá nánar þemalýsingu)

### Námsmat

- Verkefnabók – 30%
- Undirbúningur rannsóknarverkefnis – 15%
- Dagbók – 15%
- Skil rannsóknarverkefnis – 30%
- Kynning rannsóknarverkefnis – 10%

### Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

- Bestablaðið
- Þemalýsing
- Kennaramat
- Sjálfsmat
- Jafningjamat

### Verkátun

5 vikur. Miðað við u.þ.b. 300 mínútur á viku.

#### 1. vika

Umfjöllun um kafla 1-3. Hópaskipting og a, b, c og d liður rannsóknarverkefnis. (val á hugtaki, rökstuðningur fyrir tengingu við námsgreinar, rannsóknarspurningar og þankahríð, verklýsing)

#### 2. vika

Umfjöllun um kafla 4-6. E liður rannsóknarverkefnis (upplýsingaöflun)

#### 3. vika

Umfjöllun um kafla 7-8. E liður rannsóknarverkefnis (upplýsingaöflun)

#### 4. vika

Umfjöllun um kafla 9-11. F liður rannsóknarverkefnis (skil verkefnis)

#### 5. vika

Skil á kaflaverkefnum. G og H liður rannsóknarverkefnis (dagbók og mat).

# Þema í 10. bekk: CO<sub>2</sub>

---

## Markmið

### Nemendur

- geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og að lífsafkoma hans og framtíð byggist á því að hægt verði að búa áfram á jörðinni
- skilji tengsl manns og umhverfis og þroski með sér virðingu fyrir náttúrunni
- geti fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast umhverfisvernd
- skoði gæði og réttmæti þess rökstuðnings sem fer fram um umhverfismál og málefni sem varða sjálfbæra þróun í fréttamiðlum
- taki virkan þátt í gagnrýninni umfjöllun um málefni er snerta náttúru, umhverfi mannsins og samspil vísinda, tækni og samfélags
- fjalli um hnattræn viðfangsefni, svo sem takmörkun loftslagsbreytinga og vernd ósonlagsins
- ræði hugtakið sjálfbær þróun og þroski með sér ábyrgðartilfinningu gagnvart henni með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.e. sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins, sjálfbæra gróður nýtingu og endurheimt landgæða, aukna nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og að minnka og bæta meðhöndlun úrgangs
- hafi náð valdi á mikilvægum hugtökum um loftslagsmál.

## Námsefni

Námsbókin CO<sub>2</sub>

## Efni og áhöld

Bækur af bókasafni um loftslagsmál og veðurfræði

Tölvur (aðgengi að neti og prentara)

## Kveikja

Myndbandið um loftslagsmál af vef Námsgagnastofnunar (<http://www.nams.is/co2/>)

## Kennsluaðferðir

- Útlistunaraðferð
- Leitaraðferðir
- Hópavinna
- Leikræn tjáning

## Viðfangsefni og verkefni

Fyrri hluta þemans vinna nemendur í litlum hópum (2-4 í hópi sem dýpka sig í umfjöllun um hvern og einn kafla (opnu ). Sjá nánar í hópverkefnalýsingum. Hver hópur hefur 10 mínútur til þess að útskýra fyrir hinum hópunum efni opunnar og kynni um leið úrlausnir verkefna sem tengjast köflunum (sjá kennsluleiðbeiningar).

Seinni hluta þemans vinna hópar að undirbúningi réttarhalda sem er í hnotskurn kappæður um loftslagsmál. Hóparnir nýta sér margvíslegar heimildir og fylgja námkvæmum fyrirmælum um undirbúning og framkvæmd réttarhaldanna. Þeir þurfa m.a. að skipuleggja málflutning með því að ákveða hvaða rökum á að beita (smíða rökgrind), hver eigi að vera málflutningur sérfróðra vitna, geta sér til um rökstuðning hins málsaðilans og finna mótrök við þeim.

## Námsmat

- Dagbók heimildaritgerðar –20%

- Fyrirlestur og verkefni 30%
- Réttarhöldin – 50%

### Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

- Þemayfirlit
- Þemalýsing
- Dagbók og vinnuskýrsla
- Réttarhöldin
- Kennaramat
- Sjálfsmat
- Jafningjamat

### Vinnuáætlun

5 vikur. Miðað við u.þ.b. 300 mínútur á viku.

### Undirbúningstími

Kynning á þemavinnunni. Áhugi nemenda er kveiktur með því að sýna þeim fræðslumynd um loftslagsmál (heimasíða efnisins CO<sub>2</sub> á vef Námsgagnastofnunar), að því loknu er gert hugtakakort með nemendum og forþekking þeirra á efninu könnuð. Farið er vel yfir skipulag þemans og gefnar leiðbeiningar fyrir verkefnagerðina. Sérstaka áherslu þarf að leggja á leiðbeiningar um dagbókargerð og vinnuskýrslu (sjá nánar í útskýringum um dagbók og vinnuskýrslu).

Fyrri hluta þemans vinna nemendur í litlum hópum (2-4 í hópi sem dýpka sig í umfjöllun um hvern og einn kafla. Sjá nánar í hópverkefnalýsingum. Hver hópur hefur 10 mínútur til þess að útskýra fyrir hinum hópunum efni opunnar og kynnir um leið úrlausnir verkefna.

### Vika 1

Nemendur nota þessa viku til að lesa yfir þemaheftið, finna lykilhugtök í sínum kafla og svara verkefnum. Kennari útskýrir þau hugtök sem þarfnast nánari útskýringar (miðað við hugtakakort).

Í lok vikunnar og byrjun þeirra næstu fjalla nemendahópar um einstaka kafla bókarinnar. Að kynningum loknum er nemendum skipt í hópana sem vinna að réttarhöldunum (sjá nánar lýsingu á réttarhöldunum í kennsluleiðbeiningum).

### Vika 2

Hópar byrja heimildaöflun og kynna sér leiðbeiningar fyrir réttarhöldin (sjá leiðbeiningar). Nemendur nota þessa viku til að skipuleggja málflutning með því að ákveða hvaða rökum á að beita (smíða rökgrind), hver eigi að vera málflutningur sérfróðra vitna, geta sér til um rökstuðning hins málsaðilans og finna mótrök við þeim. Allir gera uppkast að sínum verkefnum. Í byrjun þriðju viku eiga nemendur að sýna kennara vinnuna í upphafi kennslustundar. Þá eru drög að heimildaskrá afhent kennara og hinum hópunum.

### Vika 3

Nemendur sýna kennara uppkast að stöðu verkefna. Þessa viku eiga nemendur að nota til að skiptast á uppköstum og fara yfir vinnuna hver hjá öðrum, gera athugasemdir til úrbóta og endurskrifa eftir þörfum. Mikilvægt er að ræða opinskátt þau mál sem þarfnast nánari skoðunar. Í lok þriðju viku á undirbúningi texta að vera lokið. Seinast er unnið að inngangsorðum. Lokaorð eru ekki fullmótuð – vænlegt er að skilja eftir pláss svo svara megi óvæntum rökum gagnaðila. Í fjórðu viku eiga nemendur að sýna kennara vinnuna í upphafi tíma og afhenda hinum hópunum fullunna heimildaskrá.

**Vika 4**

Fyrri hluti þessarar viku fer í æfingar en í vikulok eru réttarhöldin. Áætla má að þau taki 1–2 klukkustundir með dómshléi (á meðan dómarar ráða ráðum sínum).

**Vika 5**

Vinnubók skilað. Á undirbúningstíma á hópurinn að gera nákvæma vinnuskýrslu. Hún byggist á dagbók sem á að halda á undirbúningstímanum (sjá leiðbeiningar um vinnuskýrslu og dagbókargerð).

# Þema í 10. bekk: Verslun og viðskipti

---

## Markmið

### Nemendur

- geta á sjálfstæðan hátt unnið í hóp eftir verkaskiptri áætlun þar sem hópur starfar saman að því að búa til umhverfi, hlut eða kerfi
- geta unnið eftir hönnunarferli (með áherslu á útfærslu og virkni) þar sem gengið er út frá ákveðinni meginhugmynd
- gera sér grein fyrir eftirspurn og sölumöguleikum á vöru
- geta gert kostnaðaráætlun
- geta skilgreint markhóp fyrir vöru
- geta fært rök fyrir gildi afurðar fyrir samfélagið
- geta sett fram og fylgt tímaáætlun
- geta greint verkefni niður í verkþætti
- geta auglýst afurðir og gert áætlanir um kynningu
- hafa skilað verkefnum unnum í tölvum, með grafískri framsetningu upplýsinga þegar það á við.

## Námsefni

Unnið með heimildir af neti um verslun og viðskipti sem kennari gerir fyrirlestra um.

## Efni og áhöld

Tölvur (aðgengi að neti og prentara)

Efni í líkanagerð

## Kveikja

Athygli nemenda er vakin á verkefninu með því að spyrja þau spurninga eins og: Hvaða verslun finnst ykkur skemmtilegast að koma í – hvernig vörur viljið þið kaupa? Vitið þið hvað þarf til þess að stofna verslun (hugstormun)?

## Kennsluaðferðir

- Spurnaraðferð
- Útilistun
- Leitaraðferðir
- Hópavinna

## Viðfangsefni og verkefni

Um eiginlegt námsefni er ekki að ræða heldur byggir þemað að langstærstum hluta á hópverkefni þar sem nemendur setja upp eigið viðskiptamódel og stofna verslun eða fyrirtæki.

## Námsmat

- Dagbók – 15%
- Líkan – 25%
- Skrifleg gögn – 50%
- Kynning – 10%

## Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

- Þemayfirlit
- Þemalýsing

- Kennaramat
- Sjálfsmat
- Jafningjamat

### **Tímaáætlun**

4 vikur. Miðað við u.þ.b. 300 mínútur á viku.

Í fyrstu viku er almenn kynning á verkefninu, nemendur fá fyrirlestur um fyrirtækjarekstur og fjármál sem kennari heldur. Þá er farið yfir vinnureglur, námskröfur og verkefnaval. Í fyrstu viku er skipt í verkefnahópa. Næstu tvær vikur vinna hópar að verkefninu. Í fjórðu viku er uppgjör þemans og sýning á þeim verzlunum sem hóparnir ætla að setja á fót.

# Þema í 10. bekk: Tækið

---

## Markmið

### Nemendur

- geta lýst eðli og orsökum hreyfinga og notað hugtökin ferð, hraði, hröðun og kraftur
- þekkja þyngdarlögmálið og vita að þyngdarkraftur verkar á milli allra hluta
- skilja muninn á massa og þyngd
- geta notað hugtök eins og þrýsting og eðlismassa og tengt þau fyrirbærum í daglegu lífi
- sýna frumkvæði í að leita að þörfum eða vandamálum í nánasta umhverfi sínu
- geta á sjálfstæðan hátt unnið skipulega eftir ferlinu þörf – lausn – afurð
- geta lýst hugmyndum sínum um lausnir á vandamálum
- geta unnið eftir hönnunarferli þar sem gengið er út frá skilgreindri meginhugmynd
- geta unnið eftir hönnunarferli með áherslu á útfærslu og virkni
- geta metið, prófað og rannsakað eigin verk.

## Námsefni

*Kraftur og hreyfing*

## Efni og áhöld

Ýmis tæki og gögn til sýnikennslu sem varða kennslu í kraftfræði  
Efni og áhöld úr smiðastofu til nýsköpunar

## Kveikja

Myndir af nýjum tækjum og áhöldum

## Kennsluaðferðir

- Útlistunaraðferð
- Verkefnavinna
- Vettvangsferð
- Nýsköpunarferlið

## Viðfangsefni og verkefni

Leysa verkefni úr námsbók, taka þátt í nýsköpunarferli, þróa hugmynd og gera afurð.

## Námsmat

- Verkefnagerð –40%
- Þátttaka í nýsköpunarferli og afurð– 60%

## Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

- Þemayfirlit
- Þemalýsing
- Kennaramat
- Sjálfsmat

**Vinnuáætlun**

4 vikur. Miðað við u.þ.b. 300 mínútur á viku.

**Undirbúningstími**

Kynning á þemavinnunni. Áhugi nemenda er kveiktur með því að sýna þeim myndir af „nýjum tækjum“ þau rædd og velt vöngum yfir því hvernig hönnuður hafi fengið hugmyndina. Farið er vel yfir skipulag þemans.

**Vika 1**

Nemendur lesa bókina og leysa verkefni úr 1. kafla. Kennari fjallar um efni kaflanna og leiðbeinir um úrlausnir verkefna. Vettvangsferð í Hönnunarsafnið eða Nýsköpunarmiðstöð.

**Vika 2**

Nemendur leysa verkefni úr 2. og 3. kafla. Kennari fjallar um efni kaflanna og leiðbeinir um úrlausnir verkefna. Í lok vikunnar er farið í þankahrið og nemendur velja sér verkefni.

**Vika 3**

Nemendur hugsa upp lausnir að þörfum, skrá niður lausnir og teikna útskýringarmyndir. Nemendur velja sína bestu lausn til þess að búa til líkan að höfðu samráði við hóp nemenda.

**Vika 4**

Nemendur búa til líkan. Í lokin er kynning á lausnum og líkönum. Á sama tíma skila nemendur úrlausnum verkefna.



# Þema í 10. bekk: Banvænn

---

## Markmið

### Nemendur

- Þekki fjölbreytileika vefja og hvernig vefir mynda líffæri
- Skilji starfsemi helstu líffærakerfa mannlíkamans og hvernig jafnvægi er viðhaldið í starfsemi hans
- geri sér grein fyrir að sjúkdómar geti verið af ýmsum orsökum og að leiðir til að koma í veg fyrir þá eða lækna tengjast orsökunum
- Kunni að afla heimilda og setja upp heimildaskrá
- Kunni að byggja upp vandaða heimildaritgerð.

## Námsefni

Ekkert sérstakt námsefni – unnið með heimildir af bókasafni og neti.

## Efni og áhöld

Bækur af bókasafni um mannlíkamann og sjúkdóma

Ýmsar fræðslumyndir um mannlíkamann

Tölvur (aðgengi að neti og prentara)

## Kveikja

Kvikmyndin „*Outbrake*“ eða önnur kvikmynd sem tengist banvænum sjúkdómum.

## Kennsluaðferðir

- Útlistunaraðferð
- Leitaraðferðir
- Hópavinna

## Viðfangsefni og verkefni

Nemendur skrifa heimildaritgerð um líkamann, ónæmiskerfið og banvænan sjúkdóm sem þeir velja

Nemendur flytja fyrirlestur um þennan banvæna sjúkdóm

## Námsmat

- Dagbók heimildaritgerðar – 30%
- Heimildaritgerð – 50%
- Fyrirlestur um sjúkdóm – 20%

## Sérúnnin verkefnablöð sem notuð eru í þemanu

- Þemayfirlit
- Þemalýsing
- Heimildaritgerðir og heimildanotkun
- Kennaramat
- Sjálfsmat
- Jafningjamat

## Vinnuáætlun

4 vikur. Miðað við upb. 300 mínútur á viku.

## Undirbúningstímar

Kynning á þemavinnunni. Áhugi nemenda er kveiktur með því að sýna þeim myndina „Outbrake“ , síðan er tekið hugarkort og könnuð gróflega forþekking nemenda. Farið er vel yfir skipulag þemans og gefnar leiðbeiningar fyrir ritgerðina.

### Vika 1

Hópar byrja heimildaöflun og kynna sér leiðbeiningar. Nemendur nota þessa viku til að skipuleggja innihald textans með því að ákveða hvað á að fjalla um og setja ramma til að vinna eftir. Nemendur skipta með sér verkum. Allir gera uppkast af sínum verkefnum. Í byrjun annarrar viku eiga nemendur að hafa lokið við uppkast af öllum verkefnum og komið með tillögur að myndefni. Hóparnir kennara vinnuna í upphafi kennslustundar. Kennari sýnir í tímum valdar fræðslumyndir um mannlíkamann.

### Vika 2

Nemendur sýna kennara uppkast af skylduverkefnum og myndir. Þessa viku eiga nemendur að nota til að skiptast á uppköstum og fara yfir vinnuna hver hjá öðrum, gera athugasemdir til úrbóta og endurskrifa eftir þörfum. Mikilvægt er að ræða opinskátt þau mál sem þarfnast nánari skoðunar. Drög verkefna ganga milli allra einstaklinga í hópnum og enginn hluti telst fullunninn fyrr en allir hafa farið yfir hann og sett sitt mark á hann. Í lok annarrar viku eiga allir kaflar að vera fullunnir. Í þriðju viku eiga nemendur að sýna kennara vinnuna í upphafi tíma.

### Vika 3

Nemendur sýna kennara vinnuna í upphafi þriðju viku. Þessar viku nota nemendur í ýmsa frágangsvinnu ,s.s. uppsetningu ritgerðar, tengingu mynda og texta og samræmingu á útliti. Myndaskrá og heimildaskrá eru hluti ritgerðar og í þessum viku er einnig unnið að frágangi vinnuskýrslu.

### Vika 4

Heimasíða á að vera tilbúin. Þessi vika er sérstaklega ætluð til að nemendur geti leyst ófyrirséð vandamál og einnig til þess að undirbúa kynningu á sjúkdómnum sem hóparnir völdu að kynna sér. Í þessari viku má skila ritgerð ef hún er tilbúin. Í lok vikunnar er kynning